

Alþingi
Fjárlaganefnd
Send rafrænt: nefnasvid@althingi.is

Ísafirði 7. október 2019

Frumvarp til fjárlaga 2020 mál 1/150.

Vestfjarðastofa leggur hér fram umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga, en Vestfjarðastofa fer með málefni sambandsins samkvæmt samning þar um.

Með þessari umsögn fylgir kynning sem lögð er fram á fundi með fjárlaganefnda og þar er forgangsriðun verkefna og greining á stöðu landshlutans.

Skattlagning á urðun almenns úrgangs (bls 148).

Um er að ræða nýjan skatt sem áætlaður er að gefi tekjur 2,8 milljarða til ríkisins. Tillagan kemur einnig fram í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2020 (mál 2/150).

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsti andstöðu í umsögn sinni fyrr á þessu ári gagnvart þessum nýjum skatti. Bendir Sambandið á að ekki liggi fyrir stefna í úrgangsmálum og valkostir á móti urðun. Rök ríkisins er að slík skattlagning hafi verið lengi á stefnuskrá stjórnarvalda. Tilgreint er að uppfylla þurfi skuldbindingar í loftlagsmálum og að skattlagning hafi verið mikill hvati til að finna leiðir til úrbóta m.a. á Norðurlöndunum.

Vestfjarðastofa tekur undir gagnrýni Sambands íslenskra sveitarfélaga að óeðlilegt sé að leggja á nýjan skatt, sem ætlað er að stýra neyslu landsmanna en án þess að hafa útfærða stefnu í málaflokknum.

Nefna má nokkur atriði. Fyrir það fyrsta er að ekki er til stefna um hvernig ber að meðhöndla úrgang sem á endanum stendur eftir þegar „allri“ flokkun er lokið. Ef urðun er ekki valkostur þá er annað hvort hátæknibrennsla eða útflutningur á úrgangi.

Í öðru lagi má telja að skattlagning urðunar gangi gegn því verkefni að minnka plastnotkun t.d. í umbúðum fyrir matvæli. Víða er unnið að því að taka upp lífplast sem umbúðir, en lífplast hentar vel í urðun eða brennslu, sama á við ef að nýta gler sem umbúðir.

Beint er til fjárlaganefndar að skattlagningu verði frestað þar til mörkuð hefur verið stefna í málaflokknum. Til vara verði gert að skilyrði að skatttekjum af þessum gjaldstofni verði óskert nýtt til að vinna stefnu og byggja upp lausnir sem leiða til minni urðunar sorps.

Fjölgun starfsmanna þingflokka.

Fjölga á starfsmönnum þingflokka um fimm (bls 152). Hækkun fjárheimilda 62 mkr. Vestfjarðastofa minnir á tillögur kjördæmanefndar frá árinu 1998 um eflingu samskipta Alþingis og landshlutasamtaka sveitarfélaga, með fjölgun stöðugilda hjá landshlutasamtökum. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilsvert að efla starfsemi Alþingis en gætt verið að því að Alþingi nýti hér tækifærið og efla samskipti við sveitarstjórnarstigið og landshlutasamtök. Fylgi Alþing þar með samþykki eigin stefnu í Byggðaáætlun um uppbyggingu starfa um landið allt.

8.2. Byggðamál

Verkefni málflokksins eru margþætt og mikilsvert að undir verkefnum Byggðaáætlunar er nú unnið að því að samtvinnna málaflokka margra ráðuneyta. Með þeim hætti er mögulegt að ná fram meiri árangri í byggðamálum. Flókið getur hinsvegar verið að sjá hvernig verkefnin eru fjármögnuð af mismunandi fjárlagaliðum og hver er hin endanleg fjárveiting. Því beint til fjárlaganefndar að framsetning fjárveitinga til verkefna tengd Byggðaáætlun verði sett fram með skýrari hætti í frumvarpinu.

Framangreind ábending hefur beina tilvísun, í að gert er ráð fyrir að framlög til Sóknaráætlana landshluta lækka um 2 % frá árinu 2019 eða alls 14,6 mkr. Fjárveitingin til málflokksins hækkar hinsvegar í heild fyrir árið 2020, eða 56,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þetta er í mótsögn við texta frumvarpsins þar sem segir (bls 201) *Gert er ráð fyrir að fjárveiting fari til verkefna sem tengjast byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 og stjórnarsáttmálanum, t.d. til að styrkja sóknaráætlanir landshluta.*

Lækkun þessi skýrist annarsvegar lækkun úr 502,5 mkr í 492,5 m.kr. á fjárlagalið SRN 10 70101.15 (sóknaráætlanir landshluta) og hins vegar af lækkun úr 228,2 mkr í 223,6 m.kr. af fjárlagalið MRN (samningar við sveitarfélög um menningarmál). Tekið skal fram að lækkun fjárlagaliðar MRN kemur ekki fram yfirliti í viðauka frumvarpsins og er dæmi um óskýrleika í framlögum til byggðamála.

Vestfjarðastofa lýsir vonbrigðum með þessa tillögu frumvarpsins og eins með tillögur í fjármálaáætlun 2019-2023 þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun framlaga, væntanlega á grundvelli kröfu um almennra hagræðingu. Hér þarf leiðréttingar við er varðar framlög SRN og MRN. Eins þarf að tryggja aðild fleiri ráðuneyta s.s. ANR og UAR til að styðja við málaflokka nýsköpunar og umhverfismála.

9.2. Efling þyrluflota Landshelgigæslunnar.

Lýst er stuðningi við mál 7.19 Að kaupa þrjár nýjar björgunarþyrlur fyrir Landhelgisgæsluna og selja eldri þyrlu, TF-LIF (bls 18). Öryggi sjófarenda, fjölgun skemmtiferðaskipa og stefna stjórnvalda að auka aðgengi ferðamann á staði sem liggja utan alfaravega kallar á öflugan þyrluflota.

10.3. Sýslumenn (bls 214)

Vestfjarðastofa lýsir áhyggjum af pattstöðu á starfsemi Sýslumanns Vestfjarða. Ekki er staðið við loforð um eflingu starfstöðva í framhaldi af sameiningu embættanna 2014. Sérstakar aðgerðir hafa þurft til í gegnum byggðaaætlun og nú væntanlega í eflingu opinberra starfa til að ná einhverjum árangri. Bent er hér á að Fjármálaáætlun 2019-2023 gerir ráð fyrir lækkun framlaga eftir árið 2020.

11.1. Samgöngur.

Vestfjarðastofa tekur undir þau yfirmarkmið sem sett eru fram (bls 218); *Stórsókn í vegamálum, jöfnun aðgengi að þjónustu með þátttöku í flugkostnaði og áframhaldandi uppbygging almenningsamgangna.*

Vestfjarðastofa lýsir þá um leið áhyggjum að uppbygging almenningsamgangna gangi ekki eftir. Fjármagn til málaflokksins lækkar vegna aðhaldskröfu og fjármálaáætlun gerir ráð fyrir lækkun framlaga eftir árið 2020.

Framlög til Vestfjarða til almenningsamgangna nema 48 mkr á þessu ári en ættu að vera um 100 mkr ef boðið væri upp á heilsársþjónustu m.a. til Patreksfjarðar og Hólmavíkur. Sveitarfélög eins og Ísafjarðarbær, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur leggja einnig tugi milljóna fram til almenningsamgangna á milli byggðakjarna í þessum sveitarfélögum.

Vegagerðin tekur verkefnið yfir í byrjun árs 2020, en var nú nýverið að gefa það út að stofnunin er ekki tilbúin að taka við verkefninu á áramótum og hefur fengið Strætó bs til að taka við því fram á vor 2020.

Umfjöllun um útgjaldaramma (bls 220-222),

a liður Rekstarframlög.

Hækkun er á framlagi til vegapjónustu um 450 mkr og 200 mkr v. launa og verðlags. Uppsafnaður halli á vetrarpjónustu er um 900 mkr vegna aukinnar þjónustu m.a. á ferðamannavegum. Augljóst að hækka þarf framlög til að vera í takt við aukna eftirspurn. Hækka þarf framlag til að auka vetrarpjónustu við Árneshrepp, þ.e. taka veginn úr G flokki og tryggja landsamgöngur allt árið, í stað þess að loka íbúa af í allt að 3 mánuði á ári. Ekkert annað samfélag á Íslandi býr við slíkar aðstæður og áætlunarflug með fólk og frakt svarar engan veginn þörfum samfélagsins.

Hafnarframkvæmdir hækka um 110 mkr, sem mætir engan veginn þörfum atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum, sérstaklega til að mæta stóraukinni þjónustu við laxeldi. Þar er einna brýnast uppbygging á höfninni á Bíldudal, en standa verður einnig við áætlanir um framlög til annarra hafna, sem víða eru með sjálfbæran rekstur standi ríkið við sinn hluta.

Vestfjarðastofa vill hér einnig vekja athygli á að gjaldtökuheimildir hafnarsjóða gagnvart fiskeldi eru erfiðar í framkvæmd. Í raun svara hafnarlög 61/2003, sérstaklega ákvæði 17. gr um afla og vörugjöld, ekki þeirri þróun sem á sér stað í rekstri hafna gagnvart fiskeldi.

d liður Fjárfestingarframlög um 3,9 milljarða hækkun, sem hluti af tímabundinni áherslu. Helstu verkefni 2020 (bls 221).

Treyst er á að hafnar verði framkvæmdir á Vestfjarðavegi um Gufudalssveit. Sveitarstjórn afgreiðir breytingu á aðalskipulagi nú í október og Vegagerðin mun sækja um framkvæmdaleyfi í framhaldinu. Samningum við landeigendur er enn ólokið en með framkvæmdaleyfi í höndum á undirbúningur útboðs og aðrir þættir geta að komast af stað.

Kostnaðarþátttaka ríkisins í **flugfargjöldum (Skoska leiðin)**, er mikilvægt skref en um leið þarf að auka fjármagn til viðhalds áætlunarflugvalla.

Aukin vetrarþjónusta, hér er ítrekuð krafa um að því að hækka þjónustustig á vegi norður í Árneshrepp auk almennar hækkunar á framlögum til að mæta aukinni umferð.

Almenningssamgöngur. Innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum. Hér telur Vestfjarðastofa að vanti umfjöllun um samstarf við sveitarfélögin utan höfuðborgarsvæðis og áætlun um aukin framlög þar. Samræma verður stefnumörkun í málefnum sveitarfélaga og stefnumörkun í skýrslunni Ferðumst saman. Þar eru tveir lykilþættir, efling almenningssamgangna innan atvinnusvæða og þjónustusókn á milli landshluta, þessir þættir munu sjálfkrafa til að efla samstarf sveitarfélaga.

11.2. Fjarskipti og pósthjónusta.

Kortlagning fjarskiptainnviða er sett á verkefnaáætlun 2020. Bregðast þarf við því að GSM samband á vestfirskum vegum er gloppótt og hættulegt vegfarendum sem eru ókunnugir. Þau svæði sem hér um ræðir eru fjarðabotnar og vegakaflar sem eru hvað lengst utan byggðar s.s. á Vestfjarðavegi, Djúpvegi og Þjóðvegir út frá þeim.

12.1. Stjórnun landbúnaðarmála og 13.1. Stjórnun fiskveiða og fiskeldis.

Fjarheimildir málaflokksins hækka um 42 mkr vegna breytinga á lögum um fiskeldi til að bæta stjórnsýslu, eftirlit og heilbrigðiskröfur. Það er mat Vestfjarðastofu að hér sé of hægfarena uppbygging til að mæta hratt vaxandi atvinnugrein og þá með áherslu á uppbyggingu í héraði. Því er beint til fjárlaganefndar fjalla um þennan ramma (sjá einnig umfjöllun í kafla 16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar) og auka við fjármagn og nýta það til að ná fram markmiðum verkefna í Byggðaáætlun, B 7 störf án staðsetningar og B9 Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land. Því er beint til fjárlaganefndar að kalla eftir stefnumörkun **sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytis** í þessum málum.

Vestfjarðastofa fagnar að bygging nýs hafrannsóknarskips er komið á áætlun.

15. Orkumál.

Samræma þarf vinnu að orkuskiptum og eflingu flutnings- og dreifikerfi raforku. Orkubú Vestfjarða þarf jafnt og Rarik að fá sértæka fjármuni til að flýta framkvæmdum. Orkubúið er minnsta orkufyrirtæki ríkisins en er jafnframt með dreifbýlasta og veðurfarslega erfiðasta dreifingarkerfi landsins. Starfsvæði Rarik er mikilvægt en athygli vekur að framlag og starfsemi Orkubúsins fær ekki umfjöllun (bls 243).

Mikilvægt er að hafin sé vinna við mótun langtímaorkustefnu fyrir Ísland, en vöntun á orkustefnu hefur hamlað þróun í atvinnu og byggðamálum á Vestfjörðum.

Mikilvægt skref að framlög til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar verði reiknaðar út frá raunaðstæðum hverju sinni samanber umfjöllun á bls 245.

Hinsvegar þarf einnig að auka að nýju fjármagn til **Orkusjóðs** til að styrkja leit að heitu vatni. Nýlegur árangur af borun á heitu vatni í Súgandafirði hefur styrkt þá vissu að finna megi heitt vatn í nágrenni fleiri byggðarlaga á norðanverðum Vestfjörðum. Eins eru viðvarandi rannsóknir á öðrum svæðum á Vestfjörðum. Finnist heitt vatn, er augljóst að þar með megi draga úr þörf fyrir niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. Hlutverk Orkusjóðs er að styrkja leit að heitu vatni, en sjóðurinn hefur ekki geta sinnt því hlutverki á síðustu árum og því eiga sveitarfélög og orkufyrirtæki erfitt með að fara í slík verkefni.

17.1. Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.

Mikilvægt að halda áfram með verkefnið um uppbyggingu innviða á ferðamannstöðum og efla landvörslu. Fjölsóttustu ferðamannastaðirnir fá hvað mestu athygli en ef ná á markmiðum að minnka álag á þá staði þá verða verkefni á Vestfjörðum að fá aukið fjármagn.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er útfærð áætlun á uppbyggingu ferðamannastað og að hálfu Vestfjarðastofu, í samvinnu við sveitarfélögin og ferðaþjónustu á **Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra og Vesturlandi**, er unnið að þróun Hringvegi 2, sem nýrri ferðamannaleið á Íslandi.

17.1. Varnir gegn náttúruvá.

Gerð er athugasemd við að ekki séu komin fleiri verkefni á áætlun til ofanflóðavarna þrátt fyrir að fjármagn sé til reiðu. Dregið var úr framkvæmdum vegna efnahagsþenslu 2017, 2018 og 2019. Nú er lag að taka aftur á málum og en samdráttur í verkefninu hægir á m.a. á skipulagningar nýrrar byggðar þéttbýli á Vestfjörðum. (bls 259).

17.5. Stjórnsýsla umhverfismála.

Helstu verkefni 2020 (bls 260). Vestfjarðastofa vekur athygli fjárlaganefndar á verkefninu *Greining á ávinningi friðlýstra svæða fyrir nærsamfélög og samstarfs við landeigendur í náttúruvernd*. Vestfjarðastofu er ekki kunnugt um að til sé nákvæm skilgreining á hugtakinu „nærsamfélag“ í stjórnsýslunni. Í drögum að þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033, mál 209/2019 Samráðsgátt, virðist hugtakið jafnt ná yfir sveitarfélög almennt en einnig til að auka lýðræðislega þátttöku íbúa. Telja verður að ákveðin vafi sé um hvert fjárveitingu sé beint í þessu tilviki. Vestfjarðastofa beinir því til fjárlaganefndar að kalla eftir skýringum ráðuneytisins í þeim efnum.

Í annan stað þá skýtur skökku við að einungis beri að skoða ávinning af friðlýsingum svæða en ekki hugsanlegum ókostum s.s. auknu kolefnisspori af ferðaþjónustu.

20.1. Framhaldsskólar.

Í yfirliti um helstu verkefni 2020 (bls 278), leggur Vestfjarðastofa áherslu á að starfsemi minni framhaldsskóla verði almennt eflð, en sérstaklega með eflingu starfsnáms og Stafrænum smiðjum.

21. Háskólastig.

Markmið stjórnvalda ber að vera sem áður að tryggja jafnræði til náms. Vestfjarðastofa gerir þá kröfu að gerð verði greining á áhrifum á breytingum á starfsemi lánasjóðs námsmanna á stöðu nemenda sem sækja háskólanám fjarri sínu byggðarlagi.

Stefna um starfsemi rannsókn-, fræða- og þekkingarsetra. Vestfjarðastofa leggur hér áherslu á að styðja við áframhaldandi eflingu Háskólaseturs Vestfjarða.

22.2. Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig.

Vestfjarðastofa mótmælir lækkun heildar fjármagns til málaflokksins. Bendir Vestfjarðastofa þar sérstaklega á stöðu símenntunarmiðstöðva sem hafa nú um margra ára skeið þurft að mæta almennri aðhaldskröfu. Fyrir litlar stofnanir er grunnframlag lykill að því að geta starfað með lágmarksmannafla, það að grunnframlag standi eitt árið enn í stað er því ótækt og ber að hækka framlagið.

25.1. Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými.

Vestfjarðastofa fagnar áformum heilbrigðisráðherra um endurnýjun hjúkrunarrýma á Patreksfirði og fjölgun hjúkrunarrýma á Ísafirði. Væntir Vestfjarðastofa að í fjármálaáætlun á komandi ári verði fjárveitingar tryggðar.

31. Húsnæðisstuðningur.

Tekið er undir aðgerðir um að bregðast við húsnæðisvanda á landsbyggðinni. Ný tækifæri í atvinnulífi blasa nú við á Vestfjörðum en marga áratuga markaðsbrestur á fasteignamarkaði hamlar í raun að geta nýtt þau tækifæri. Sérstakt átak til að bregðast við þessum vanda er því þarft verkefni.